

## Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 3. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila eins og greinir í 1.–3. tölul., svo og félög með ótakmarkaða ábyrgð félagsaðila eins og greinir í 4. tölul.:

1. Hlutfélög sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, svo og dótturfélög sem eru innifalin í samstæðureikningskilum þeirra.
2. Hlutfélög, einkahlutfélög, samlagshlutfélög, samvinnufélög og samvinnusambönd og gagnkvæm váttrygginga- og ábyrgðarfélög ef félögin fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð:
  - a. eignir nema 230.000.000 kr.,
  - b. rekstrartekjur nema 460.000.000 kr.,
  - c. fjöldi ársverka á reikningsári er 50.
3. Öll önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila sem stunda atvinnurekstur sem falla ekki undir 1. og 2. tölul., svo og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, sbr. lög nr. 33/1999.
4. Sameignarfélög og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, ef félagsaðilar þeirra eru eingöngu félög sem talin eru í 1.–3. tölul. Enn fremur gilda lög þessi um sameignarfélög, og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, svo og samlagsfélög, enda skráð í firmaskrá, ef félögin fara fram úr stærðarmörkum 2. tölul.

Ef félag skv. 2. másl. 4. tölul. 1. mgr., sem uppfyllt hefur framangreind skilyrði, gerir það ekki lengur tvö ár í röð er því ekki skylt að fara að ákvæðum laga þessara.

Sameignarfélögum og samlagsfélögum, sem um ræðir í 4. tölul. 1. mgr., er ekki skylt að semja ársreikninga ef allar tekjur og gjöld, eignir og skuldir þeirra eru meðtaldar í ársreikningum félagsaðilanna.

Lög þessi skulu víkja fyrir ákvæðum um ársreikninga í sérlögum enda byggist þau á ákvæðum tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins um ársreikninga tiltekinna félaga með takmarkaða ábyrgð.

## 2. gr.

2. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Skilgreiningar.*

Í lögum þessum merkir:

1. *félag*: fyrirtæki skv. 1. gr. sem semja skal ársreikning eða samstæðureikning samkvæmt lögum þessum;
2. *félagsaðili*: hluthafa í hlutafélagi og eiganda eignarhluta í öðru félagi sem lög þessi taka til;
3. *eignarhluti*: hlutdeild félagsaðila í hlutafélögum, einkahlutafélögum og eigin fé annarra félaga;
4. *hlutdeildarfélag*: félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga verulegan eignarhluta í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þess; félag er talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. 20% eignarhlut í öðru félagi;
5. *móðurfélag*: félag sem:
  - a. á meiri hluta atkvæða í öðru félagi, eða
  - b. er félagsaðili að öðru félagi og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnar og framkvæmdastjórn þess, eða
  - c. er félagsaðili að öðru félagi og hefur rétt til ákvörðunarvalds um rekstur og fjárhagslega stjórn þess á grundvelli samþykka félagsins eða samninga við það, eða
  - d. er félagsaðili að öðru félagi og ræður yfir meiri hluta atkvæða í því á grundvelli samnings við aðra hluthafa, eða
  - e. á eignarhlut í öðru félagi og hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn þess;
 við útreikning á atkvæðamagni í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum skal:
  - a. leggja saman atkvæðamagn móðurfélags og dótturfélaga í viðkomandi félagi,
  - b. draga frá heildaratkvæðamagninu í viðkomandi félagi atkvæðamagn sem er í höndum þess sjálfs eða dótturfélaga þess og
  - c. draga frá atkvæðamagni móðurfélagsins það atkvæðamagn sem það hefur til tryggingar ef félagið beitir aðeins atkvæðisréttinum í samræmi við fyrirmæli þess sem setti trygginguna, eða ef umráðin eru liður í lánastarfsemi og atkvæðisréttinum er aðeins beitt í þágu þess sem setti trygginguna;
6. *dótturfélag*: félag sem er undir yfirráðum annars félags á þann hátt sem lýst er í 5. tölul.;
7. *samstæða*: móðurfélag og dótturfélög þess;
8. *samstæðureikningur*: reikningsskil þar sem ársreikningar móðurfélags og dótturfélaga þess eru sameinaðir í eitt;
9. *ársreikningaskrá*: skrá sem starfrækt er í því skyni að taka á móti, geyma og birta ársreikninga skilaskyldra félaga og hafa eftirlit með félögum sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu reikningsskila;
10. *verðbréf*: verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti;
11. *skipulegur verðbréfamarkaður*: markaður með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða;

12. *alþjóðlegir reikningsskilastaðlar*: reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) samkvæmt skilgreiningu 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002;
13. *settar reikningsskilareglur*: reglur sem reikningsskilaráð gefur út, sbr. 80. gr., og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, sbr. 12. tölul.

## 3. gr.

3. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Samning ársreiknings.*

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu bera ábyrgð á samningu ársreiknings fyrir hvert reikningsár og skal ársreikningurinn hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og skýrslu stjórnar. Í félögum, sem hafa ekki formlega stjórn, hvílir þessi skylda á öllum félagsaðilum sameiginlega. Jafnframt skal fylgja ársreikningnum áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna. Ársreikningurinn með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna skal mynda eina heild.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu undirrita ársreikninginn og ef um er að ræða móðurfélag skulu þau undirrita samstæðureikninginn. Í undirrituninni felst að ársreikningurinn er saminn í samræmi við lög þessi, reglugerðir og settar reikningsskilareglur, ef við á. Ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri telur að ekki skuli samþykkja ársreikninginn eða samstæðureikninginn, eða hann hefur mótbáruð fram að færa sem hann telur rétt að félagsaðilar fái vitneskju um, ber honum skylda til að gera grein fyrir því í áritun sinni.

Ársreikningur með undirritun stjórnenda og áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna skal lagður fram í samræmi við samþykktir félaganna en í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

## 4. gr.

8. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Reikningsár.*

Reikningsárið skal vera tólf mánuðir og miðast við mánaðamót. Nýtt reikningsár hefst daginn eftir að fyrra reikningsári lýkur. Við stofnun og slit félags eða þegar verið er að breyta reikningsári getur reikningsárið verið skemmra en tólf mánuðir. Reikningsári verður því aðeins breytt síðar að sérstakar aðstæður gefi tilefni til. Breytingin skal tilgreind og rökstudd í skýringum með fyrsta ársreikningi eftir breytinguna og breytingin tilkynnt til ársreikningaskrár innan fimm mánaða frá lokum síðasta reikningsárs á undan breytingunni ella tekur hún ekki gildi. Reikningsár frá lokum fyrra reikningsárs að upphafi hins breytta reikningsárs getur þó verið allt að 15 mánuðir ef það er nauðsynlegt til að breyta reikningsári til samræmis við reikningsár samstæðu sem félagið er hluti af eða rekstrarári samrekstrarfélags sem það er eigandi að, sbr. 3. mgr. 35. gr.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Ársreikningar skulu samdir í samræmi við lög þessi, reglugerðir og settar reikningsskilareglur, ef við á, og gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé.

b. Á undan greininni kemur ný fyrirsögn, svohljóðandi: *Glögg mynd.*

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Við hvern lið í efnahags- og rekstrarreikningi er sýnd samsvarandi fjárhæð fyrir fyrri reikningsár til samanburðar. Ef liðirnir eru ekki sambærilegir við færslur frá fyrri ári skal aðlaga þær síðarnefndu. Sleppa má að aðlaga samanburðarfjárhæðir ef breyting á starfsemi félagsins orsakar það að liðir eru ekki fyllilega sambærilegir.

Liði í efnahags- og rekstrarreikningi sem innihalda ekki neina fjárhæð skal aðeins taka með ef slíkur liður var í reikningsskilum fyrri reikningsárs.

Samsvarandi upplýsingar um fjárhæðir fyrri árs skal gefa í skýringum eftir því sem við á, sbr. 4. og 5. mgr.

- b. Á undan greininni kemur ný fyrirsögn, svohljóðandi: *Flokkun og uppsetning*.

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Texti ársreiknings og samstæðureiknings, sem samdir eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal vera á íslensku og fjárhæðir tilgreindar í íslenskum krónum.

- b. 2. mgr. fellur brott.

- c. Á undan greininni kemur ný fyrirsögn, svohljóðandi: *Gjaldmiðill*.

## 8. gr.

3. og 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. A laganna orðast svo:

3. Félög sem hafa meginstarfsemi sína hér á landi en eru með verulegan hluta tekna sinna frá erlendum aðilum í öðrum gjaldmiðli en íslenskum krónum, enda teljist hann vera starfrækslugjaldmiðill samkvæmt settri reikningsskilareglu.

4. Félög sem hafa verulegan hluta fjárfestinga sinna í erlendum fjárfestingarvörum og skuldir þeim tengdar í erlendum gjaldmiðlum, enda fari þau fram úr þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

## 9. gr.

Á eftir 11. gr. B laganna kemur ný grein, 11. gr. C, svohljóðandi:

Félög sem fengið hafa heimild til að semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli, sbr. 11. gr. A, skulu umreikna fjárhæðir í efnahagsreikningi fyrri árs á lokagengi þess árs. Þó er heimilt að umreikna efnahagsliði, aðra en peningalegar eignir og skuldir, svo sem varanlega rekstrarfjármuni og eignarhluti, á upphaflegu kaupgengi. Jafnframt er heimilt að umreikna innborgað hlutafé eða stofnfé á því gengi sem gildi þegar innborganir fóru fram. Við umreikninginn skal lögbundinn varasjóður nema sama hlutfalli af hlutafé í erlendum gjaldmiðli og hann nam í íslenskum krónum. Hinar umreiknuðu fjárhæðir mynda upphafsstærðir í bókhaldi í erlendum gjaldmiðli og skal gera grein fyrir umreikningsaðferðum í skýringum við ársreikning.

## 10. gr.

12. gr. laganna fellur brott.

## 11. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Grunnforsendur ársreiknings**, með þremur nýjum greinum, svohljóðandi:

## a. (12. gr. A.)

Semja skal ársreikning miðað við eftirfarandi grunnforsendur:

1. Gera skal ráð fyrir að félagið haldi starfsemi sinni áfram. Leggist starfsemi niður að hluta skal taka tillit til þess varðandi mat og framsetningu ársreiknings.
2. Matsaðferðum skal beitt með hliðstæðum hætti frá ári til árs.
3. Við mat á einstökum liðum skal gætt tilhlýðilegrar varkárni og skal þannig m.a.:
  - a. aðeins tekjufæra hagnað sem áunninn er fyrir lok reikningsárs;
  - b. taka tillit til allra skulda sem myndast kunna á reikningsárinu eða í tengslum við fyrri reikningsár jafnvel þótt slíkt komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn; enn fremur er heimilt að taka tillit til allra fyrirsjáanlegra skulda og tapa sem myndast kunna á reikningsárinu eða vegna fyrri reikningsára, jafnvel þótt slíkt komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn og
  - c. sýna í reikningsskilum allar matsbreytingar sem taka til skerðingar á verðgildi einstakra eigna, sbr. 24. gr., án tillits til þess hvaða áhrif það hefur á eigið fé og afkomu.
4. Tekjur og gjöld, sem varða reikningsárið, skal færa í ársreikning án tillits til þess hvenær greitt er.
5. Einstaka þætti eigna- og skuldaliða skal meta til verðs hvern fyrir sig.
6. Efnahagsreikningur við upphaf hvers reikningsárs skal samsvara efnahagsreikningi við lok fyrra reikningsárs.

Reikningsár, uppröðun og flokkun, aðferð við sameiningu í samstæðureikningsskilum, aðferðir við útreikninga, matsgrunnur og gjaldmiðill sem notaður er má ekki breytast frá ári til árs.

Í undantekningartilvikum má víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef með breytingunni má fá gleggri mynd eða ef breytingin er nauðsynleg til að taka upp nýjar reglur í samræmi við breytingar á lögum eða nýjar eða breyttar reikningsskilareglur. Skal þá geta um frávikin í skýringum í ársreikningi og tilgreina ástæður þeirra, svo og mat á áhrifum þeirra á eignir og skuldir, tekjur og gjöld.

## b. (12. gr. B.)

Ef vikið er frá 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. A skal hinni nýju aðferð beitt við allt það reikningsár þegar breytingin var gerð. Í skýringum skal geta um heildaráhrif breytingarinnar á fjárhagsstöðu og afkomu félagsins ef breytingin er veruleg.

## c. (12. gr. C.)

Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir eða tekjur og gjöld innan einstakra liða.

## 12. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Á efnahagsreikning eru færðar eignir og skuldir, þ.m.t. skuldbindingar og eigið fé sem er mismunur eigna og skulda.

Eign skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt er að félagið hafi af henni fjárhagslegan

ávinning í framtíðinni og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti.

Skuld skal færð á efnahagsreikning þegar líklegt þykir að til greiðslu hennar komi og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti.

Við útreikning og mat á eignum og skuldum skal taka tillit til allra aðstæðna, þ.m.t. áhættu og taps, sem í ljós koma áður en ársreikningur er saminn. Jafnframt er heimilt að taka tillit til fyrirsjáanlegrar áhættu og taps sem í ljós kemur áður en ársreikningur er saminn.

#### 13. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Eignir, sem ætlaðar eru til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast fastafjármunir.

Eignir, sem eru ekki ætlaðar til varanlegrar eignar eða notkunar, teljast veltufjármunir.

Kröfur, fyrirframgreiðslur og skuldir, sem falla til greiðslu eftir lengri tíma en eitt ár, skulu færast sem fastafjármunir eða langtímaskuldir eftir því sem við á.

Aðrar kröfur, fyrirframgreiðslur og skuldir færast sem veltufjármunir eða skammtíma-skuldir eftir því sem við á.

#### 14. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Félög sem falla undir 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. skulu að uppfylltum ákvæðum settra reikningskilareglna er varðar framtíðarmöguleika til tekjuöflunar telja til eignar þróunarkostnað og óefnisleg réttindi, svo sem einkaleyfi, einkarétt, vörumerki og þess háttar réttindi, ef þeirra er aflað gegn greiðslu. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

Félög sem falla undir 3. og 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. eru undanþegin skyldunni skv. 1. mgr. þessarar greinar.

#### 15. gr.

16. gr. laganna fellur brott.

#### 16. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Kostnað við stofnun félags eða hækkun hlutafjár má ekki færa til eignar.

#### 17. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Afföll og lántökukostnað af seldum eða keyptum verðbréfum má færa í efnahagsreikning og skulu þá færð til gjalda eða tekna með reglubundum hætti á lánstímanum. Gera skal grein fyrir eftirstöðvum af þessari dreifingu í skýringum.

#### 18. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Eigin hlutir skulu færðir til lækkunar á heildarhlutafé. Þó er heimilt að færa eigin hluti í hlutafélögum, sem keyptir hafa verið á síðustu tveimur reikningsárum, til eignar enda hafi þeirra verið aflað í þeim tilgangi að selja þá aftur.

## 19. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna orðast svo: **Efnahagsreikningur, rekstrarreikningur og sjóðstreymi.**

## 20. gr.

Í stað 20.–22. gr. laganna koma níu nýjar greinar og verða þær jafnframt aftast í II. kafla:

## a. (20. gr.)

Allar tekjur og öll gjöld reikningsársins skulu koma fram á rekstrarreikningi nema lög þessi eða settar reikningsskilareglur kveði á um annað.

## b. (21. gr.)

Hrein velta samanstandur af tekjum af sölu á vörum og þjónustu í reglulegri starfsemi, að frádregnum afslætti og sköttum sem tengjast sölunni beint.

## c. (21. gr. A.)

Tekjur og gjöld, sem tengjast ekki reglulegri starfsemi, skal sýna sérstaklega í rekstrarreikningi og greina frá eðli þeirra í skýringum nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða. Tekjur og gjöld sem varða fyrri reikningsár skulu færast til breytinga á óráðstöfuðu eigin fé í ársbyrjun þegar um er að ræða skekkju eða breytingu á reikningsskilaaðferð. Samanburðar-fjárhæðum skal þá breytt til samræmis nema það sé bundið sérstökum vandkvæðum og skal það þá upplýst í skýringum.

## d. (21. gr. B.)

Varanlegir rekstrarfjármunir, sem nýtast takmarkaðan tíma vegna aldurs, úreldingar eða slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu afskrifaðir árlega á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma þeirra. Ef þessir fjármunir eru endurmetnir samkvæmt ákvæðum 25. gr. ber að hækka afskriftarstofn þeirra um þá endurmatshækkun. Þetta á þó ekki við um eignir sem færðar eru á gangvirði skv. 29. gr. C.

Afskrift skal reikna með hliðsjón af væntanlegu lokavirði eftir að notkunartíma lýkur.

## e. (21. gr. C.)

Kostnaður sem eignfærður er, sbr. 15. gr., vegna óefnislegra réttinda eða þróunar skal afskrifaður með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna, þó ekki á lengri tíma en 20 árum. Ef þessar eignir hafa ekki ákveðinn líftíma er þó heimilt að meta þær árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Sé áætlaður nýtingartími lengri en fimm ár skal gera grein fyrir ástæðum þess í skýringum.

## f. (21. gr. D.)

Áætlaður hagnaður af samningi um langtímaverkefni skal innleystur hlutfallslega eftir því sem verkefninu miðar. Áætlað tap á samningi um langtímaverkefni skal gjaldfært strax.

Þegar ekki er hægt að áætla hagnað eða tap á samningi um langtímaverkefni af nægilegri nákvæmni skulu tekjur af samningnum aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið. Kostnaður skal gjaldfærður þegar hann fellur til.

## g. (21. gr. E.)

Gjöld, sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, skal færa til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddan kostnað. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, skal færa til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

Gjöld, sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, skal færa til skuldar í efnahagsreikningi. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, skal færa til eignar í efnahagsreikningi. Ef þessir liðir nema verulegum fjárhæðum skulu þeir sýndir sérstaklega eða þeirra getið í skýringum í ársreikningi.

## h. (21. gr. F.)

Færa skal til gjalda og skuldar fjárhæðir sem ætlað er að mæta útgjöldum vegna skýrt skilgreindra skuldbindinga, svo sem skattskuldbindinga og eftirlaunaskuldbindinga, sem varða reikningsárið eða fyrri ár og eru sennilega eða örugglega áfallnar á reikningsskiladegi en óvissar að því er fjárhæð varðar eða hvenær þær falla til greiðslu, jafnvel þótt slíkt komi fyrst í ljós eftir lok reikningsárs en áður en ársreikningur er saminn. Þær skulu ekki nema hærri fjárhæð en nauðsynlegt er talið.

Skuldbindingar skv. 1. mgr. má eigi nota til matsbreytinga á eignum eða jafna á móti eignum.

## i. (22. gr.)

*Sjóðstreymi.*

Í yfirliti um sjóðstreymi skal færa inn- og útgreiðslur á árinu, án tillits til þess hvenær færslan fer fram á rekstrar- og efnahagsreikningi.

Yfirlitið skal greina frá sjóðstreymi á tilteknu tímabili og skal það flokkað í rekstrar-, fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar. Enn fremur skal yfirlitið sýna sérstaklega breytingar á handbæru fé og handbært fé við upphaf og lok reikningsárs.

Tilgreina skal samsvarandi fjárhæðir vegna liðanna á fyrri reikningsári. Ef liðirnir eru ekki sambærilegir við liði á fyrri ári skal aðlaga þá síðarnefndu. Sleppa má að aðlaga samanturðarfjárhæðir ef þær eru ósambærilegar vegna breytinga á starfsemi. Liði á sjóðstreymisyfirliti sem innihalda ekki neina fjárhæð skal aðeins taka með ef slíkur liður var í reikningsskilum fyrri reikningsárs.

## 21. gr.

## 23. gr. laganna orðast svo:

Fastafjármuni skal eigi meta til eignar við herra verði en kostnaðarverði, sbr. þó ákvæði 25. gr., 29. gr., 29. gr. C og 35. gr.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun og endurbótum á þeim fram til þess tíma að þeir eru teknir í notkun.

Framleiðslukostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kostnaðarverði hráefnis og hjálparefna, svo og vinnuafis að viðbættum kostnaðarauka sem beint eða óbeint leiðir af framleiðslu fjármunanna.



Til kostnaðarverðs má enn fremur telja fjármagnskostnað af lánsfé sem nýtt er til að fjármagna kaup eða framleiðslu varanlegra rekstrarfjármuna á framleiðslutímanum. Ef fjármagnskostnaður er talinn til kostnaðarverðs skal greint frá því í skýringum.

Eignarleigusamningar skulu í samræmi við samningsákvæði og settar reikningsskilareglur færðir í efnahagsreikning ef þeir nema verulegum fjárhæðum.

#### 22. gr.

1. og 2. mgr. 24. gr. laganna orðast svo:

Ef markaðsverð varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er lægra en bókfært verð þeirra skv. 21. gr. B eða 23. gr. og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt settum reikningsskilareglum.

Áhættufjármunir og langtímakröfur skulu sæta niðurfærslu ef markaðsverð þessara eigna er lægra en bókfært verð, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum.

#### 23. gr.

1. mgr. 25. gr. laganna orðast svo:

Ef markaðsverð fastafjármuna, annarra en þeirra sem um ræðir í 29. gr. og 29. gr. C, er talið verulega herra en bókfært verð þeirra af ástæðum sem taldar eru varanlegar er heimilt að hækka bókfært verð þeirra í ársreikningi til markaðsverðs.

#### 24. gr.

Í stað tilvísunarinnar „22. gr.“ í 3. mgr. 27. gr. laganna kemur: 23. gr.

#### 25. gr.

Á eftir 27. gr. laganna kemur ný grein, 27. gr. A, svohljóðandi:

Við umreikning á liðum í efnahagsreikningi sem byggjast á erlendum gjaldmiðli skal miðað við lokagengi reikningsskiladagsins þegar um er að ræða peningalegar eignir og skuldir. Í öðrum liðum efnahagsreiknings skal miðað við lokagengi viðskiptadagsins.

#### 26. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Skammtímakröfur skulu sæta niðurfærslu ef raunvirði þeirra er lægra en bókfært verð, svo sem vegna hættu á að kröfur muni ekki innheimtast eða af öðrum ástæðum. Ákvæði 3. mgr. og 1. másl. 4. mgr. 24. gr. gilda um þetta eftir því sem við á.

#### 27. gr.

Í stað orðsins „alþjóðlegar“ í lokamálslið 1. mgr. 29. gr. laganna kemur: settra.

#### 28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. A laganna:

- a. Í stað orðsins „alþjóðlegar“ í 1. mgr. kemur: settar.
- b. Í stað tilvísunarinnar „22. gr.“ í 3. mgr. kemur: 23. gr.

## 29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. B laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „1. mgr. 20. gr.“ í 1. mgr. kemur: 1. mgr. 12. gr. A.
- b. Í stað orðsins „alþjóðlegra“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: settra.

## 30. gr.

Á eftir 29. gr. B laganna kemur ný grein, 29. gr. C, svohljóðandi:

Félög sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingareignum mega meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingareign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félags.

Ákvæði 1. mgr. tekur til fjárfestinga í fjárfestingareignum eða hluta þeirra, svo sem fasteigna og annarra efnislegra eigna ásamt skuldbindingum þeim tengdum.

Félög, sem stunda eldi á lifandi dýrum eða rækta plöntur, í þeim tilgangi að selja þau eða afurðir þeirra, með úrvinnslu eða framleiðslu í huga, mega meta þær eignir á gangvirði.

Við mat á eignum og skuldbindingum þeim tengdum, sbr. 1.–3. mgr., skulu ákvæði 29. gr. A gilda.

Breyting á virði eigna og skuldbindinga sem tengjast þeim, sbr. 2. og 3. mgr., skal færð á rekstrarreikning.

## 31. gr.

30.–34. gr. laganna falla brott.

## 32. gr.

Á undan 35. gr. laganna kemur ný fyrirsögn, svohljóðandi: *Tengd félög.*

## 33. gr.

Á eftir 35. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

## a. (35. gr. A.)

Þegar hlutdeildaraðferð er beitt skal taka tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé dóttur- eða hlutdeildarfélagsins. Hlutdeild þess í rekstrarárangri skal færa til tekna eða gjalda sem áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga í rekstrarreikningi. Hlutdeild í endurmatsbreytingum dóttur- eða hlutdeildarfélagsins skal færa á endurmatsreikning.

Hafi félag greitt meira fyrir fjárfestingu sína í dóttur- eða hlutdeildarfélagi en sem nemur hlutdeild í hreinni eign þess við kaup ber að heimfæra mismuninn undir tilgreindar eignir ef það er unnt, ella telst hann viðskiptavild. Mismun þennan ber að afskrifa með sama hætti og þær eignir. Ef mismunurinn telst viðskiptavild skal hún afskrifuð með kerfisbundum hætti á áætluðum nýtingartíma hennar, þó ekki lengri tíma en 20 árum, eða metin árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur, hafi hún ekki ákveðinn líftíma, sbr. 21. gr. C. Gjaldfærsla á framangreindum mismun skal færð sem áhrif dóttur- eða hlutdeildarfélags í rekstrarreikningi. Hafi félag hins vegar greitt minna fyrir fjárfestingu sína í dóttur- eða hlutdeildarfélagi en sem nemur hlutdeild í hreinni eign þess við kaup ber að heimfæra mismuninn á sama hátt og að framan greinir en með öfugum formerkjum.

Mótttekinn arður vegna eignarhluta í félagi sem meðhöndlað er samkvæmt hlutdeildaraðferð skal færður til lækkunar á eignarhluta í því.

Taka skal tillit til hagnaðar af viðskiptum milli félaga innan sömu samstæðu, sem ekki hefur verið innleystur með sölu til aðila utan samstæðunnar, við mat á verðmæti eignarhluta í dótturfélagi.

b. (35. gr. B.)

*Breyting á reikningsskilaaðferð, reikningshaldslegu mati og skekkjur.*

Breyti félag um reikningsskilaaðferð á grundvelli ákvæða laga, reglugerða eða reikningskilastaðla um slíka breytingu skulu þeir liðir í ársreikningnum sem það hefur áhrif á breytast í samræmi við nýja aðferð. Mismunurinn færast á eigið fé. Breytast samanburðarfjárhæðir til samræmis við hina nýju aðferð. Gera skal grein fyrir þessum breytingum í skýringum.

Ef reikningshaldslegu mati er breytt frá fyrra reikningsári skulu áhrifin koma fram á rekstrarreikningi á því tímabili sem matsbreytingin er gerð á og á síðari tímabilum, ef við á. Samanburðarfjárhæðir fyrri ára haldast óbreyttar.

Ef óljóst er hvort um breytingu á reikningshaldslegu mati eða reikningsskilaaðferð er að ræða skal flokka breytinguna sem matsbreytingu.

Ef ársreikningur fyrra reikningsárs hefur verið rangur í þeim mæli að hann hefur ekki gefið glögga mynd skulu áhrif af leiðréttingunni færast á eigið fé í årsbyrjun og samanburðarfjárhæðir leiðréttað samsvarandi. Gera skal grein fyrir þessum breytingum í skýringum.

34. gr.

Í stað tilvísunarinnar „37.–51. gr.“ í 36. gr. laganna kemur: 37.–51. gr. B.

35. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Veita skal upplýsingar um mat á einstökum liðum ársreiknings, þar á meðal þær aðferðir sem beitt er við sérstakt endurmat fastafjármuna og afskriftir þeirra.

Ef fjárhæðir í ársreikningi eru byggðar á erlendum gjaldmiðli á reikningsskiladegi skal tilgreina það gengi sem við er miðað og til samanburðar gengi sem við var miðað í reikningskilum fyrra árs.

36. gr.

Í stað orðanna „þá fjármálagerninga“ í 1. mgr. 37. gr. B laganna kemur: afleidda fjármálagerninga.

37. gr.

Á eftir 37. gr. B laganna kemur ný grein, 37. gr. C, svohljóðandi:

Ef samsetning á starfsemi félags breytist á reikningsárinu skal veita upplýsingar um það. Ef ekki er hægt að aðlaga fjárhæðir ársreiknings fyrra árs skal gera grein fyrir því á fullnægjandi hátt í skýringum.

38. gr.

Orðin „eða þær geta valdið félaginu verulegu tjóni enda sé ástæðunnar getið“ í 1. mgr. 38. gr. laganna falla brott.

## 39. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. 2. málsli. 3. mgr. fellur brott.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hafi félagið gert leigusamninga til lengri tíma en eins árs, sem nema verulegum fjárhæðum og ekki koma fram í efnahagsreikningi, skulu slíkar skuldbindingar tilgreindar sérstaklega.

## 40. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Upplýsa skal um hvernig hagnaður af langtímaverkefnum er innleystur í rekstrarreikningi.

## 41. gr.

46. gr. laganna orðast svo:

Félög skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. skulu upplýsa um skiptingu rekstrartekna eftir starfsþáttum og markaðssvæðum ef þessir þættir og svæði hafa veruleg áhrif í rekstri félaganna.

## 42. gr.

48. gr. laganna orðast svo:

Upplýsa skal um heildarlaunakostnað og fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári. Samsvarandi upplýsingar skal veita fyrir fyrra reikningsár.

## 43. gr.

Á eftir 48. gr. laganna kemur ný grein, 48. gr. A, svohljóðandi:

Félög skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. skulu veita upplýsingar um starfsmannakostnað, þ.m.t. launakostnað, eftirlaun, iðgjöld til lífeyrissjóða og annan launatengdan kostnað. Veita skal enn fremur upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til núverandi og fyrrverandi stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess. Greina skal frá samningum sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra eða starfsmenn um eftirlaun og tilgreina heildarskuldbindingar. Samsvarandi upplýsingar skal veita fyrir fyrra reikningsár.

## 44. gr.

Á eftir 51. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (51. gr. A.)

Félag skal gera grein fyrir viðskiptum við tengda aðila, þ.m.t. á hverju tengsli við viðkomandi aðila byggjast. Með tengdum aðila er m.a. átt við móðurfélög, dótturfélög, hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Sleppa má þessum upplýsingum við samstæðureikningsskil vegna viðskipta innan samstæðunnar.

b. (51. gr. B.)

Félög skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. skulu upplýsa um starfsemi sem er lögð niður, lokað eða hætt á reikningsárinu eða samkvæmt áætlun skal láta af hendi, loka eða hætta, að því tilskildu að hægt sé að skilja hana frá annarri starfsemi. Í því felst m.a. að tilgreina, að svo

miklu leyti sem unnt er, hagnað eða tap af aflagðri starfsemi ásamt skattalegum áhrifum og áhrif hennar á flokka yfirlits um sjóðstreymi.

## 45. gr.

52. gr. laganna orðast svo:

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi skal upplýsa um:

1. aðalstarfsemi félagsins,
2. atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim,
3. mögulega óvissu við mat eða óvenjulegar aðstæður sem kunna að hafa áhrif á það og, eftir því sem við á, tilgreina fjárhæðir,
4. þróunina í starfsemi félagsins og fjárhagslegri stöðu þess, og
5. markverða atburði sem hafa gerst eftir að reikningsárinu lauk.

Í skýrslunni skal gera grein fyrir tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á síðasta reikningsári.

Í hlutafélögum og einkahlutafélögum skal upplýsa um fjölda hluthafa í upphafi og lok reikningsárs. Þá skal upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga a.m.k. 10% hlutafjár félagsins í lok ársins. Ef atkvæðagildi hluta er mismunandi miðað við fjárhæð þeirra skal gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 10% allra atkvæða í félaginu. Við útreikning þennan telst samstæða einn aðili.

Í samvinnufélögum, sameignarfélögum og samlagsfélögum skal upplýsa um fjölda félagsaðila í upphafi og lok reikningsárs og fjölda eigenda að B-hluta stofnsjóðs ef stofnsjóður samvinnufélaga er þannig tvískiptur. Ef atkvæðagildi félagsaðila er mismunandi skal það skýrt.

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi móðurfélags skal veita upplýsingar um samstæðuna í heild.

## 46. gr.

Á eftir 52. gr. laganna kemur ný grein, 52. gr. A, svohljóðandi:

Í skýrslu stjórnar félaga skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal gera grein fyrir meginmarkmiðum og stefnu við áhættustýringu, enda geti breytingar á virði fjármálagerna haft veruleg áhrif á rekstur og fjárhagsstöðu. Upplýsa skal sérstaklega með hvaða hætti mat á einstökum liðum í reikningsskilum, svo sem afleiðusamningum, byggist á slíkri markmiðsetningu í áhættustýringu og þeim áhættuþáttum sem máli geta skipt við mat á eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu. Gera skal grein fyrir markaðsáhættu, þ.e. vaxta-, gjaldeyris- og hlutabréfaáhættu, sem og útlánaáhættu og lausafjárahættu í rekstri félagsins. Enn fremur skal í skýrslu stjórnar fjallað um, eftir því sem við á:

1. væntanlega þróun félagsins, að meðtöldum sérstökum forsendum og óvissuþáttum sem stjórnin hefur lagt til grundvallar í skýrslunni;
2. sérstaka áhættu umfram venjulega áhættu í starfsgrein félagsins, þ.m.t. viðskiptaleg og fjármálaleg áhætta sem kann að hafa áhrif á félagið,
3. áhrif ytra umhverfis á félagið og ráðstafanir sem hindra, draga úr eða bæta tjón sem það verður fyrir,
4. rannsókn- og þróunarstarfsemi í félaginu eða fyrir það,

5. mikilvægar vísendingar um ófjárhagslegan árangur, þ.m.t. upplýsingar um umhverfis- og starfsmannamál og þekkingarforða félagsins ef hann skiptir verulegu máli fyrir tekjuöflun í framtíðinni;
6. útibú félagsins erlendis ef einhver eru.

Í skýrslu stjórnar félaga skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal enn fremur gera grein fyrir samanturði á raunverulegri afkomu félagsins og rekstraráætlun þess hafi hún verið birt opinberlega, ásamt skýringum á helstu frávikum.

## 47. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 53. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi í EES-ríki“ í 1. mgr. kemur: skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.
- b. Í stað orðanna „1. mgr. 1. gr.“ í 2. mgr. kemur: 1. gr.; og í stað orðanna „5. tölul. 2. mgr. 1. gr.“ í sömu málsgrein kemur: 5. tölul. 2. gr.

## 48. gr.

Í stað fjárhæðanna „200.000.000 kr.“ og „400.000.000 kr.“ í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. A laganna kemur: 230.000.000 kr.; og: 460.000.000 kr.

## 49. gr.

Fyrirsögn 54. gr. laganna orðast svo: *Reikningsár samstæðu.*

## 50. gr.

3. másl. 3. mgr. 55. gr. A laganna orðast svo: Viðskiptavild skal afskrifuð með kerfisbundnum hætti á áætluðum nýtingartíma hennar, þó að hámarki á 20 árum, eða metin árlega í samræmi við settar reikningsskilareglur, hafi hún ekki ákveðinn líftíma, sbr. 21. gr. C.

## 51. gr.

Í stað tilvísunarinnar „52. gr.“ í 2. mgr. 56. gr. C laganna kemur: 52. gr. og 52. gr. A.

## 52. gr.

Á eftir 56. gr. E laganna kemur kemur nýr kafli, VI. kafli A, **Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar**, með átta nýjum greinum, svohljóðandi:

## a. (56. gr. F.)

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun I um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum, þar sem bókunin er lögfest.

Reglugerð (EB) nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

## b. (56. gr. G.)

*Gildissvið kaflans.*

Ákvæði þessa kafla gilda um félög sem falla undir lög þessi eins og nánar greinir í 56. gr. H og 56. gr. J.

c. (56. gr. H.)

*Skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureiknings og ársreiknings.*

Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings síns.

Félagi skv. 1. mgr., sem ber að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, er skylt að beita þeim einnig við samningu ársreiknings síns. Sama gildir um ársreikninga dótturfélaga sem eru innifalin í samstæðureikningsskilunum, svo og um félög skv. 1. másl. 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem eru í meirihlutaeigu félaga í samstæðunni.

Félag skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr., sem ekki er skylt að semja samstæðureikning, skal beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreiknings síns.

d. (56. gr. I.)

Félag, sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skv. 56. gr. H og uppfyllir ekki lengur skráningu á skipulögðum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahags-svæðisins, skal beita stöðlunum við samningu ársreiknings fyrir það sama ár og það næsta á eftir. Þetta ákvæði á þó ekki við um dótturfélög sem eru ekki lengur hluti af samstæðunni.

e. (56. gr. J.)

*Heimild til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.*

Félagi skv. 2. tölul. 1. mgr. og 2. másl. 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. er heimilt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreiknings síns og samstæðureiknings.

Félagi skv. 1. mgr., sem kys að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreiknings, er skylt að beita þeim einnig við samningu samstæðureiknings sem því er skylt að semja. Félagi skv. 1. mgr., sem kys að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings, er einnig skylt að beita þeim við samningu ársreiknings síns. Sama gildir um ársreikninga dótturfélaga sem eru innifalin í samstæðureikningsskilum svo og um ársreikninga félaga skv. 1. másl. 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. sem eru í meirihlutaeigu félaga skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Félag samkvæmt þessari grein skal tilkynna ársreikningaskrá fyrir upphaf viðkomandi reikningsárs ákvörðun sína um að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samkvæmt þessum kafla. Félag skal beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í fimm ár samfleytt hið minnsta.

Ársreikningaskrá skal birta reglulega með rafrænum og aðgengilegum hætti lista yfir félög sem skyld eru til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild samkvæmt þessari grein.

f. (56. gr. K.)

*Um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.*

Félag, sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýtir sér heimild 56. gr. J, skal fylgja þeim að öllu leyti. Þar sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, og ákvæði annarra kafla laga þessara mæla fyrir um sama atriði ganga alþjóðlegir reikningsskilastaðlar framar.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um tiltekið atriði í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002, gilda önnur ákvæði laga þessara.

g. (56. gr. L.)

*Eftirlit með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.*

Ársreikningaskrá skal hafa eftirlit með öllum félögum sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild til beitingar þeirra, sbr. 56. gr. J. Eftirlitið nær jafnframt til árslutareikninga sem félög semja og birta almenningi.

Ársreikningaskrá getur krafist allra þeirra upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftirlitið, þ.m.t. vinnuskjöl sem varða reikningsskil frá stjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda félagsins.

Ársreikningaskrá er heimilt að kalla aðila með sérfræðipækkingu til aðstoðar við eftirlit. Jafnframt er ársreikningaskrá í einstökum tilvikum heimilt að fela sérfróðum aðilum það eftirlit sem ársreikningaskrá er falið samkvæmt lögum þessum.

Ársreikningaskrá skal birta með rafrænum og aðgengilegum hætti niðurstöður hvers eftirlits sem framkvæmt hefur verið samkvæmt þessari grein.

h. (56. gr. M.)

*Umsýslu- og eftirlitsgjald.*

Gjaldskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum skulu greiða árlegt umsýslu- og eftirlitsgjald. Skal gjaldið vera 100.000 kr. á hvert móðurfélag og 50.000 kr. á hvert dótturfélag innan samstæðu.

Ársreikningaskrá sér um innheimtu gjaldsins og renna tekjur af gjaldinu í ríkissjóð.

Gjalddagi umsýslu- og eftirlitsgjalds er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar. Sé gjald greitt eftir eindaga hvernar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu.

53. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 57. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „viðkomandi félagaskrár“ í 1. málsl. kemur: ársreikningaskrár.
- b. Í stað orðsins „félagaskráin“ í 2. málsl. kemur: ársreikningaskráin.

54. gr.

Í stað tilvísunarinnar „11. gr. laga nr. 67/1976“ í 2. mgr. 58. gr. laganna kemur: 9. gr. laga nr. 18/1997.

55. gr.

1. og 2. mgr. 59. gr. laganna orðast svo:

Í félögum, sem fara fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum tvö ár í röð, skal kjósa a.m.k. einn endurskoðanda eða endurskoðunarfélag:

1. eignir nema 120.000.000 kr.;
2. rekstrartekjur nema 240.000.000 kr.;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er 50.

Þegar ljóst er við stofnun félags eða upphaf rekstrar að einhverjum framangreindum mörkum verði þegar náð skal regla þessarar málsgreinar gilda frá þeim tíma.

Félög, sem hafa hlutabréf eða skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu kjósa a.m.k. einn endurskoðanda.



## 56. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 4. másl. 1. mgr. kemur: ársreikningaskrá.
- b. 5. másl. 1. mgr. orðast svo: Í félögum, sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skal þegar í stað senda tilkynningu um starfslok endurskoðanda til viðkomandi verðbréfamarkaðar.
- c. Í stað orðanna „opinberu verðbréfaþingi“ í 3. mgr. kemur: skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

## 57. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. og 2. mgr. 62. gr. laganna kemur: ársreikningaskrá.

## 58. gr.

4. mgr. 63. gr. laganna orðast svo:

Ef kosinn er skoðunarmaður úr hópi félagsaðila, í samræmi við samþykktir félagsins, skal sú verkaskipting ríkja milli þeirra að endurskoðandi eða skoðunarmaður, sbr. 57. gr., annast endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við 1. mgr. en skoðunarmenn kjörnir úr hópi félagsaðila skulu fylgjast með því að farið hafi verið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum á reikningsárinu.

## 59. gr.

Í stað orðanna „góða reikningsskilavenju“ í 2. mgr. 65. gr. laganna kemur: settar reikningsskilareglur.

## 60. gr.

Á eftir 66. gr. laganna kemur ný grein, 66. gr. A, svohljóðandi:

Endurskoðendur og skoðunarmenn skulu gera skýrslu um endurskoðunarvinnu sem a.m.k. inniheldur:

1. inngang þar sem fram kemur hvaða ársreikning er verið að endurskoða og hvaða reikningsskilareglum hefur verið beitt við samningu ársreiknings,
2. lýsingu á umfangi endurskoðunar þar sem fram koma a.m.k. þær endurskoðunarreglur sem notaðar voru,
3. áritun þar sem skýrt kemur fram álit endurskoðenda eða skoðunarmanna um hvort ársreikningurinn gefur glögga mynd samkvæmt viðeigandi reikningsskilareglum og, eftir því sem við á, hvort ársreikningurinn uppfyllir lögboðnar kröfur; áritunin skal vera án fyrirvara, með fyrirvara, neikvæð eða ef þeir geta ekki gefið álit skal gerð grein fyrir því,
4. tilvísun til mála sem endurskoðendur eða skoðunarmenn vekja sérstaka athygli á án þess að gefa áritun með fyrirvara,
5. álit um það hvort skýrsla stjórnar hefur að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ársreikninginn og skulu endurskoðendur og skoðunarmenn vekja athygli á því í áritun sinni ef svo er ekki.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu skrifa undir og dagsetja skýrsluna.

## 61. gr.

Í stað orðanna „opinberu verðbréfaþingi“ í 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

## 62. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

- a. Orðin „skýrslu stjórnar“ í 1. másl. 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðanna „opinberu verðbréfaþingi“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.
- c. 3. másl. 1. mgr. orðast svo: Sama gildir um ársreikninga félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samkvæmt heimild í 56. gr. J.
- d. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er verður 4. másl. og orðast svo: Skil á ársreikningi í tölvutæku formi eru heimil í samræmi við reglur sem ársreikningaskrá setur.
- e. Orðin „skýrslu stjórnar og“ í 4. másl. 1. mgr. falla brott.
- f. Í stað tilvísunarinnar „2. mgr. 2. gr.“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.
- g. Orðin „skýrslu stjórnar“ í 1. másl. 2. mgr. falla brott.
- h. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Heimild þessi nær þó ekki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og ekki heldur til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarluta sína eða félaga sem ber að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skv. 2. mgr. 56. gr. J.

## 63. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. gr.“ í 1. mgr. 75. gr. laganna kemur: 4. tölul. 1. mgr. 1. gr.

## 64. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. gr.“ í 1.–3. mgr. 76. gr. laganna kemur: 4. tölul. 1. mgr. 1. gr.

## 65. gr.

Í stað fjárhæðanna „500 milljónum kr.“ og „1.000 milljónum kr.“ í 1. mgr. 77. gr. laganna kemur: 575.000.000 kr.; og: 1.150.000.000 kr.

## 66. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. gr.“ í 2. mgr. 78. gr. laganna kemur: 4. tölul. 1. mgr. 1. gr.

## 67. gr.

Í stað orðanna „góðrar reikningsskilavenju“ í 1. mgr. 80. gr. laganna kemur: settra reikningsskilareglna; og í stað orðanna „telst góð reikningsskilavenja“ í sömu málsgrein kemur: teljast settar reikningsskilareglur.

## 68. gr.

81. gr. laganna fellur brott.

## 69. gr.

Fyrirsögn IX. kafla laganna orðast svo: **Reikningsskilaráð og reikningsskilareglur.**

## 70. gr.

Í stað orðanna „góða reikningsskilavenju“ í 1. tölul. 1. mgr. 84. gr. laganna kemur: settar reikningsskilareglur.

## 71. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 89. gr. laganna:

## a. 1. mgr. orðast svo:

Ráðherra getur sett reglugerð um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir hafa verið skv. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 og um uppsetningu ársreikninga og samstæðureikninga, óstyttra og samandreginna, svo og um skil á þeim og birtingu þeirra hjá ársreikningaskrá.

## b. 2. mgr. orðast svo:

Viðmiðunarmörkin í a- og b-lið 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. og 1. og 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. A, svo og 1. og 2. tölul. 1. mgr. 59. gr. og 1. og 2. tölul. 1. mgr. 77. gr., eru grunnfjárhæðir sem miðast við gengi evru 31. desember 2004. Ráðherra er heimilt að breyta þessum fjárhæðum til samræmis við breytingar á fjárhæðum í tilskipun nr. 78/660/EBE eða ef verulegar breytingar verða á gengi evru.

## 72. gr.

90. gr. laganna fellur brott.

## 73. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Félögum, sem ber að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureikninga sinna skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 og hafa eingöngu skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er ekki skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings eða ársreiknings fyrir en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar.

Félögum, sem skyld eru til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreikninga sinna skv. 2. og 3. mgr. 56. gr. H, er ekki skylt að beita þeim fyrir en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar.

Félögum, sem nýta sér heimild til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureikninga eða ársreikninga, sbr. 1. mgr. 56. gr. J, er ekki skylt að beita þeim við samningu ársreikninga eða samstæðureikninga, sbr. 2. mgr. 56. gr. J, fyrir en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar.

## 74. gr.

Með lögum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 78/660/EBE og nr. 83/349/EBE, og breytinga á þeim nr. 2001/65/EB og 2003/51/EB, og reglugerðar nr. 2002/1606/EB að því er varðar ársreikninga félaga með takmarkaða ábyrgð og samstæðureikningsskil þeirra.

## 75. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda um ársreikninga og samstæðureikninga fyrir hvert það reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu, kaflanúmerum og samfelldri röð töluliða og stafliða.

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1606/2002****frá 19. júlí 2002****um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla**

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAM-BANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 lagði leiðtogaráðið áherslu á að brynt væri að hraða því að innri markaði fyrir fjármálaþjónustu verði komið á og ákvað að veita frest til 2005 til að koma í framkvæmd aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar í fjármálaþjónustu og hvatti til þess að gerðar yrðu ráðstafanir til að auka samanburðarhæfi reikningsskila félaga sem eru skráð í kauphöllum.
- 2) Til þess að bæta starfsemi innri markaðarinnar skal þess krafist að félög, sem eru skráð í kauphöllum, beiti einu safni afar vandaðra alþjóðlegra reikningsskilastaðla þegar þau semja samstæðureikningsskil sín. Enn fremur er mikilvægt að reikningsskilastaðlar sem félög í bandalaginu, sem eru aðilar að fjármálamörkuðum, fara eftir séu alþjóðlega viðurkenndir og eigi við alls staðar í heiminum. Þetta felur í sér aukna samræmingu reikningsskilastaðla, sem eru nú í notkun á alþjóðavettvangi, og lokatakmarkið er að setja fram eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla.
- 3) Tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð <sup>(4)</sup>, til-

skipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga <sup>(5)</sup>, tilskipun ráðsins 86/635/ EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana <sup>(6)</sup> og tilskipun ráðsins 91/674/EBE frá 19. desember 1991 um ársreikninga og samstæðureikninga váttrygginga-félaga <sup>(7)</sup> beinast einnig að félögum innan bandalagsins sem eru skráð í kauphöllum. Kröfur um upplýsingar í reikningsskilum, sem settar eru fram í þessum tilskipunum, geta ekki tryggt mikið gagnsæi og samanburðarhæfi fjárhagsskýrsla frá öllum félögum í bandalaginu, sem skráð eru í kauphöllum, en það er nauðsynlegt skilyrði fyrir uppbyggingu óskipts fjármagnsmarkaðar sem er árangursríkur, hnökra-laus og skilvirkur. Því er nauðsynlegt að bæta við lagarammann um félög sem skráð eru í kauphöllum.

- 4) Markmiðið með þessari reglugerð er að stuðla að því að fjármagnsmarkaðurinn sé skilvirkur og kostnaðarhagkvæmur. Annar mikilvægur þáttur með tilkomu innri markaðarinnar á þessu sviði er að vernda fjárfesta og viðhalda trausti á fjármagnsmörkuðum. Með þessari reglugerð er stuðlað að frjálsum flutningi fjármagns á innri markaðnum og því að félög í bandalaginu standi jafnt að vígi í samkeppni að því er varðar fjármagn á fjármagnsmörkuðum í bandalaginu og einnig á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum.
- 5) Til þess að fjármagnsmarkaðir í bandalaginu séu samkeppnishæfir er mikilvægt að samræma staðlana, sem notaðir eru í Evrópu til að semja reikningsskil, alþjóðlegum reikningsskilastaðlum sem nota má um heim allan í viðskiptum yfir landamæri eða við skráningu á alþjóðlegum verðbréfamarkaði.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 285.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 260, 17.9.2001, bls. 86.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 12. mars 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 7. júní 2002.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtið. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7.

- 6) Framkvæmdastjórnin birti, 13. júní 2000, orðsendingu sína um „Stefna ESB í fjárhagsskýrslugerð: leiðin fram á við“ en í henni er lagt til að öll félög í bandalaginu, sem eru skráð í kauphöllum, gangi frá samstæðureikningsskilum sínum í samræmi við eitt safn reikningsskilastaðla, þ.e.a.s. alþjóðlegu reikningsskilastaðlana (IAS-staðlana), í síðasta lagi 2005.
- 7) IAS-staðlarnir eru þróaðir af Alþjóðareikningsskilanefndinni (IASB) en tilgangur hennar er að þróa eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Í framhaldi af endurskipulagningu Alþjóðareikningsskilanefndarinnar var ein af fyrstu ákvörðunum nýja ráðsins 1. apríl 2001 að breyta nafni þess í Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) og að því er varðar ókomna alþjóðlega reikningsskilastaðla að auðkenna þá sem IFRS-staðla í stað IAS-staðla. Notkun þessara staðla skal, alls staðar þar sem því verður við komið og að því gefnu að þeir tryggi mikið gagnsæi og samanburðarhæfi fjárhagsskýrslna í bandalaginu, vera skyldubundin hjá öllum félögum í bandalaginu sem skráð eru í kauphöllum.
- 8) Samþykkinga skal nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari reglugerð í framkvæmd í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið<sup>(8)</sup> og taka skal tilhlýðilegt tillit til yfirlýsingar framkvæmdastjórnarinnar á Evrópuþinginu 5. febrúar 2002 um framkvæmd lögjafar um fjármálaþjónustu.
- 9) Við samþykki á notkun á alþjóðlegum reikningsskilastaðli í bandalaginu er í fyrsta lagi nauðsynlegt að hann uppfylli grunnskilyrði í framangreindum tilskipunum ráðsins, þ.e.a.s. að notkun hans gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstri fyrirtækja, og skal þá skoða þessa meginreglu í ljósi téðra tilskipana ráðsins án þess þó að gera ráð fyrir að farið sé að fullu og öllu að öllum ákvæðum þeirra. Í öðru lagi að hann þjóni hagsmunum almennings í Evrópu í samræmi við niðurstöður ráðsins 17. júlí 2000 og að síðustu að hann uppfylli grundvallarskilyrði um gæði upplýsinga sem nauðsynleg eru til þess að reikningsskil komi notendum að gagni.
- 10) Tækninefnd um reikningsskil skal veita framkvæmdastjórninni stuðning og sérfræðiálit þegar alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru metnir.
- 11) Það ferli sem leiðir til samþykktar á alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum skal gera kleift að bregðast skjótt við nýjum stöðlum, sem fyrirhugaðir eru, og einnig að helstu aðilar, sem hlut eiga að máli, fái rætt, hugleitt og skipst á upplýsingum um alþjóðlega reikningsskilastaðla, einkum innlendar stofnanir sem ákveða reikningsskilastaðla, eftirlitsyfirvöld á sviði verðbréfa, banka og trygginga, seðlabankar, m.a. Seðlabanki Evrópu, fagfólk á sviði endurskoðunar og reikningsskila og þeir sem nota og semja reikninga. Með ferlinu er stuðlað að því að skilningur, að því er varðar samþykktu alþjóðlega reikningsskilastaðla, sé á einn og sama veg í bandalaginu.
- 12) Í samræmi við meðalhöfsregluna eru ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð og þar sem sett eru fram skilyrði um að eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla sé notað fyrir félög skráð í kauphöllum, nauðsynlegar til þess að ná því markmiði að skapa skilvirka og kostnaðarhagkvæma fjármagnsmarkaði í bandalaginu og stuðla þannig að tilkomu innri markaðarins.
- 13) Í samræmi við sömu meginreglu er nauðsynlegt, að því er varðar ársreikninga, að aðildarríkin hafi það val að heimila eða krefjast þess af félögum skráðum í kauphöllum að þau semji reikningana í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem samþykktir eru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða og einnig að rýmka þessa heimild eða leyfi og láta hana/það ná til annarra félaga að því er varðar samningu samstæðureikninga og/eða ársreikninga.
- 14) Í því skyni að auðvelda skóðanaskipti og gera aðildarríkjunum kleift að samræma stöðu sína skal framkvæmdastjórnin tilkynna stýrinesfndinni um reikningsskil reglulega um verkefni sem unnið er að, umræðuskjöl, sérstakar skýrslur og drög að stöðlum sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út og um tæknivinnu sem fylgir í kjölfarið og er í höndum tækninefndar um reikningsskil. Einnig er brýnt að stýrinesfndinni um reikningsskil sé snemma tilkynnt um það ef framkvæmdastjórnin hyggst ekki leggja til að alþjóðlegur reikningsskilastaðall verði samþykktur.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- 15) Í umfjöllun sinni um, og í nánari skýringum á, afstöðu sem taka skal varðandi hvers kyns skjöl sem Alþjóðareikningsskilaráðið gefur út í tengslum við þróun alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna (IFRS og SIC-IFRIC) skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þess að mikilvægt er að forðast samkeppni sem er evrópskum félögum, sem starfa á heimsmarkaðnum, í óhag og, að svo miklu leyti sem unnt er, til sjónarmiða fulltrúa í stýrningefndinni um reikningsskil. Framkvæmdastjórnin mun eiga fulltrúa í þeim nefndum sem heyra undir Alþjóðareikningsskilaráðið.
- 16) Forsenda fyrir því að styrkja traust fjárfesta á fjármálamörkuðum er að koma á viðeigandi og ströngu kerfi til að framfylgja gildandi reglum. Aðildarríkjum er skylt, skv. 10. gr. sáttmálans, að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að alþjóðlegu reikningsskilastöðlum. Framkvæmdastjórnin hyggst vinna með aðildarríkjunum, einkum á vettvangi samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR), að þróun sameiginlegrar stefnu við að framfylgja þessum stöðlum.
- 17) Auk þess er nauðsynlegt að gefa aðildarríkjunum færi á að slá beitingu tiltekinna ákvæða á frest til 2007 í tilviki félaga, sem eru skráð í kauphöllum bæði í bandalaginu og á skipulegum mörkuðum í þriðju löndum, sem þegar nota annað safn alþjóðlegra viðurkenndra staðla sem grunn fyrir samstæðureikninga sína og einnig fyrir þau félög sem hafa einungis aflað fjár á almennum skuldabréfamarkaði. Engu að síður hefur það úrslitaþýðingu að í síðasta lagi 2007 muni eitt safn alþjóðlegra reikningsskilastaðla, IAS-staðla, gilda um öll félög í bandalaginu sem eru skráð á skipulegum markaði í bandalaginu.
- 18) Í því skyni að gera aðildarríkjunum og félögum kleift að koma í framkvæmd nauðsynlegum aðlögunum vegna notkunar alþjóðlegra reikningsstaðla er nauðsynlegt að beita vissum ákvæðum aðeins á árinu 2005. Setja skal viðeigandi ákvæði um það þegar félög beita IAS-stöðlum í fyrsta sinn eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Slík ákvæði skulu samin á alþjóðlegum vettvangi til að tryggja alþjóðlega viðurkenningu á þeim lausnum sem teknar eru upp.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

### 1. gr.

#### Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að taka upp og beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í bandalaginu í því augnamiði að samræma fjárhagsupplýsingar, sem félög sem getið er í 4. gr. setja fram, til að tryggja mikið gagnsæi og samanburðarhæfi reikningsskila og þar með skilvirka starfsemi fjármagnsmarkaðar bandalagsins og innri markaðarins.

### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð merkir „alþjóðlegir reikningsskilastaðlar“ IAS-staðla, IFRS-staðla og túlkanir sem tengjast þeim (SIC-IFRIC-túlkanir), síðari breytingar á þessum stöðlum og túlkanir sem tengjast þeim, ókomna staðla og túlkanir sem tengjast þeim og gefnar eru út eða samþykktar af Alþjóðareikningsskilaráðinu.

### 3. gr.

#### Samþykki á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og notkun þeirra

1. Í samræmi við málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr., skal framkvæmdastjórnin ákveða notkun alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna í bandalaginu.

2. Einungis er unnt að samþykka alþjóðlegu reikningsskilastaðlana ef þeir:

— ganga ekki þvert á meginregluna, sem sett er fram í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 78/660/EBE og í 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 83/349/EBE, og þeir þjóna hagsmunum almennings í Evrópu,

— uppfylla skilyrðin um skiljanleika, mikilvægi, áreiðanleika og samanburðarhæfi sem nauðsynlegt er að sé til staðar í þeim fjárhagsupplýsingum sem þarf til að taka ákvarðanir varðandi efnahag og til að meta hvernig stjórnendum félags tekst til með stjórnun.

3. Framkvæmdastjórnin skal ákveða, eigi síðar en 31. desember 2002, í samræmi við málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr., að hve miklu leyti unnt er að nota þá alþjóðlegu reikningsskilastaðla í bandalaginu sem til staðar eru við gildistöku þessarar reglugerðar.

4. Samþykktir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar skulu birtir í heild sinni í *Stjórnartíðindum Evrópu-bandalaganna* sem reglugerð framkvæmdastjórnarinnar á öllum opinberum tungumálum bandalagsins.

4. gr.

#### Samstæðureikningar félaga sem eru skráð í kauphöllum

Fyrir hvert fjárhagsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar skulu félög, sem lúta lögum aðildarríkis, semja samstæðureikninga sína í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana sem samþykktir eru í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr., ef heimilt er, á uppgjördegi þeirra, að eiga viðskipti með verðbréf þeirra á skipulögðum markaði í einhverju aðildarríki, í skilningi 13. mgr. 1. gr. í tilskipun 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta<sup>(9)</sup>.

5. gr.

#### Val í tengslum við ársreikninga og félög sem ekki eru skráð í kauphöllum

Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa eða krefjast þess:

- að félögin, sem um getur í 4. gr., semji ársreikninga sína,
- að önnur félög en þau sem um getur í 4. gr. semji samstæðureikninga sína og/eða ársreikninga sína, í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana sem samþykktir voru í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr.

6. gr.

#### Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar stýri- nefndar um reikningsskil sem nefnist hér á eftir „nefndin“.
2. Ef vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar. Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.
3. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. gr.

#### Skýrslur og samræming

1. Framkvæmdastjórnin skal, með reglulegu milli- bili, hafa samráð við nefndina um stöðu verkefna Alþjóðareikningsskilaráðsins sem unnið er að og öll skjöl tengd þeim, sem gefin eru út af Alþjóðareikningsskilaráðinu um reikningsskil, í því skyni að samræma afstöðuna til og auðvelda umræður varðandi samþykkt staðla sem gætu átt sér stað í kjölfar þessara verkefna og skjala.

2. Framkvæmdastjórnin skal skila skýrslu til nefndarinnar tímanlega ef hún hyggst ekki leggja til að staðallinn verði samþykktur.

8. gr.

#### Tilkynning

Þegar aðildarríki gera ráðstafanir skv. 5. gr. skulu þau tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um það.

9. gr.

#### Bráðabirgðaákvæði

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að skilyrði 4. gr. gildi einungis um þau fjárhagsár sem hefjast í janúar 2007 eða síðar gagnvart félögum:

- a) ef skuldabréf þeirra eru eingöngu á skipulegum markaði í hvaða aðildarríki sem er í skilningi 13. mgr. 1. gr. í tilskipun 93/22/EBE, eða
- b) ef verðbréf þeirra eru boðin almenningi í löndum utan bandalagsins og þau hafa, í þeim tilgangi, notað alþjóðlega viðurkennda staðla allt frá fjárhagsári sem hófst áður en þessi reglugerð var birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

10. gr.

#### Upplýsingar og endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hvernig beitingu þessarar reglugerðar miðar og skila skýrslu um það til Evrópuþingsins og ráðsins fyrir 1. júlí 2007.

<sup>(9)</sup> Stjtið. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtið. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

11. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júlí 2002.

*Fyrir hönd Evrópu-*  
*þingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

T. PEDERSEN

*forseti.*